

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3.12.2019
Tilvísun: 20191101056

Kt. 420169- 3889.

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna - 329. mál.

Hinn 11. nóvember 2019 móttók ríkisskattstjóri tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp sem hér með er látin í té.

Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að staldra við tvær greinar frumvarpsins, annars vegar 12. gr. og hins vegar 30. gr.

Með 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins er lögð all viðtæk upplýsingaskylda á ríkisskattstjóra, þar sem ríkisskattstjóra er gert skylt þrátt fyrir stranga þagnarskyldu 117. gr. tekjuskattslaga að láta Menntasjóðnum eða „innheimtuaðila námslána“ í té upplýsingar um lánþega sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara. Nánar tiltekið upplýsingar um tekjur lánþega, maka hans og foreldra lánþega þegar við eigi.

Það verður að telja óheppilegt að það sé sett í sjálfðæmi Menntasjóðs eða innheimtuaðila án takmarkana að ákveða, hvaða upplýsingar teljist nauðsynlegar við framkvæmd laganna. Æskilegra hefði verið að upplýsingaöflun þessi væri afmörkuð nánar s.s. með vísan til þeirra ákvæða frumvarpsins, þar sem ákvarðanir skulu t.d. byggja á tekjum námsmanns, hvað heldur maka hans eða foreldra. Það ætti þannig að vera unnt að stafa þetta út svo sem í sambandi við forsendur lánveitingar og tekjutengdar endurgreiðslur í stað þess að upplýsingaöflun þessi sé með öllu ófyrirsjáanleg og handahófskennd.

Þá verður að telja fremur óhefðbundið að þagnarskyldu sé aflétt gagnvart ótilgreindum aðila eins og „innheimtuaðila“ og í því sambandi má benda á að almennt hafa aðrir innheimtumenn en ríkisskattstjóri, áður tollstjóri, ekki haft aðgang að upplýsingum um skuldara í kerfum ríkisskattstjóra, hvort heldur er varðar tekjur eða eignir.

Með 30. gr. frumvarpsins er sjóðstjórn m.a. heimilað að fela embætti ríkisskattstjóra útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu. Af þessu tilefni er rétt að fram komi eftirfarandi:

Ríkisskattstjóri er innheimtumaður ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu en utan þess gegna sýslumenn því hlutverki.


Ákvæðið hefur að geyma nýmæli m.a. um að heimilt sé að fela ríkisskattstjóra eða sýslumönnum verkefni vegna innheimtu og daglegrar afgreiðslu námslána. Lagaákvæðið hefur ekki að geyma frekari efnisatriði varðandi þennan þátt. Þó að verkefnið kunni að geta farið með öðrum verkefnum ríkisskattstjóra og sýslumanna þá er alls óljóst hvernig slík útfærsla ætti að fara fram og fyrirfram má vera ljóst að það er ekki einfalt verkefni að færa það til

ríkisskattstjóra eða sýslumanna hvort sem er að hluta til eða heild. Ljóst er að um mjög viðamikil verkefni er að ræða og ef til kemur að flytja það til ríkisskattstjóra eða sýslumanna þá verður að vera tryggt að undirbúningsvinna sé vönduð m.t.t. þarfagreiningar, mannauðs og upplýsingakerfa.

Ríkisskattstjóri sem innheimtumaður ríkissjóðs innheimtir tæplega 80% af álögðum sköttum og gjöldum landsmanna. Ef flytja ætti innheimtu námslána til ríkisskattstjóra eða sýslumanna þyrfti að skilgreina stöðu þeirra með tilliti til greiðsluforgangs, heimild til skuldajöfnunar, gerð greiðsluáætlana o.fl. Æskilegt væri að frumvarpið fjallaði um réttarstöðu lántaka verði vanskil á greiðslum. Í þessu sambandi má nefna að fyrir Alþingi liggur frumvarp um innheimtu opinberra gjalda sem gildir ekki um innheimtu námslána, sjá 314. mál 150. löggjafarþings.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Edda Simonardóttir